



## Ecosyl DA Ecobale fyrir gras sem er frekar þurr og hætta er á myglu

### Íblöndunarefni þar sem hætta er á myglu

Þegar gróffóður er verkað með milli-hátt þurrefnisstig þar sem verkunin gengur hægt og yfir lengri tíma er hætta á tapi næringarefna meiri. Þegar þurrefnið er komið yfir 40% en rúllan er ekki alveg þurr-verkuð, er hætta á loftháðri öndun orðin mikil og mygla myndast í verkuninni. Þegar fóðrið verkast illa og mygla myndast verður tap næringarefna mjög mikið og eins geta myndast eitur og listeríu bakteríur ná sér á strik.

**DA Ecobale** íblöndunarefnið samanstendur af tveim stofnum mjókursýrugerjandi baktería og rotvarnarefni, allt í einu og sama íblöndunarefninu.

**MTD/1** eru margreyndur stofn *Lactobacillus plantarum* sem er bætir verkun á fóðri, tryggir lystugleika þessa og dregur úr tapi næringarefna sem verða við verkunina.

**Pediococcus pentosaceus** sérstakur stofn baktería sem vinna með MTD/1 til þess að bæta gerjun í þurrlegu heyi.

**Kalísorbat** öruggt rotvarnarefni sem er ekki ætandi og kemur í veg fyrir loftháðaöndun (myglu)

### Kostir þess að nota DA Ecobale

- Hraðari og skilvirkari verkun sem dregur úr næringarefnatapi við verkunina
- Jafnari fóðrun því fóðrið verður einsleitara
- Minna tap á fóðri sem annars þyrfti að henda frá vegna myglu
- Fóðrið helst ferskt lengur eftir að byrjað er að gefa
- Minni hætta á eiturefnum og listeríu vegna rangrar gerjunar (heilbrigðari kindur og kýr)
- Minna af myglu (heilbrigðari hestar)
- Lystugra fóður og þar af leiðandi meira át og betri nýting fóðurs
- Meiri framleiðsla og betra heilbrigði gripa





**David Norris**  
**Coleraine, Co. Londonderry**

David framleiðir gróffóður í rúllum fyrir nautakjötsframleiðslu en einnig selur hann hey. Eftir að hafa prófað nokkrar gerðir af íblöndunarefnum í gegnum árin hefur hann valið að halda sig við DA Ecobale undanfarin ár sem hann segir að „blandist og dreifist vel og það gefur jafnar og góðar rúllur þar sem ekkert fóður fer til spillis og það er heldur ekkert stress að gefa úr þeim eftir að búið er að opna rúlluna. Ég er einnig mjög ánægður með Ecobale skammtarann, ég hef keypt tvo og þeir eru mjög nákvæmir og auðveldir í notkun.“



**Brian Kelly**  
**Sauchland, Midlothian**

Brian er bústjóri á Sauhlands búgarðinum, hann hefur í sinni umsjá nautgripi og sauðfé sem eru fóðruð á rúlluhevi. Hann leggur mikla áherslu á gæði gróffóðursins og endurræktar á 3-4 ára fresti. „Það var þekkt vandamál hjá okkur að upp kæmi listería í fóðrinu en eftir að við fórum að meðhöndla rúllurnar með DA Ecobale hefur það vandamál alveg horfið. Núna notum við þetta íblöndunarefni í alla gróffóðurverkunina okkar.“



**John Errington**  
**Brampton, Cumbria**

John er í lífrænni framleiðslu með 80 holdakýr og 500 ær. Hann notast við frekar gamla ræktun. Hann getur ekki endurræktað og slær ekki fyrir en um miðjan júlí. „Eftir að ég fór að nota DA Ecobale er mun minni mygla og verkunin heppnast betur. Skemmdar rúllur eru orðnar mjög fáar og mun færri en þær voru fyrir. Gripirnir kunna betur að meta fóðrið og dafna vel á því svo ég er ánægður með vöruna.“



**Robert Nicholson**  
**Manby Middlegate**

Robert er hrossaræktandi og framleiðir um 1000 rúllur af hevi á ári bæði fyrir sig en einnig selur hann öðrum hestaeigendum rúllur. „Eftir að ég fór að nota DA Ecobale í rúllurnar fæ ég mun betur verkað hey og jafnara, rúllurnar eru allar eins. Þær halda sér líka betur eftir að búið er að opna þær til að gefa. Það er mjög lítið sem fer til spillis og mun minna en áður.“



**Phil Benson**  
**Faringdon, Oxfordshire**

Phil er verktaki sem á tvær rúlluvélar og sjö stórbagga samstæður. Hann notar Ecobale skammtara fyrir íblöndunarefni. Rúmlega helmingur viðskiptavina hans notar íblöndunarefni í gróffóðurverkunina og hann mælir með að allt milli-þurrt hey ætti að fá íblöndun. „DA Ecobale er auðvelt að blanda og nota. Það virðist vera að skila betur verkuðum rúllum og jafnara gróffóðri, rúllurnar eru allar eins. Þetta er klárlega mjög góð vara.“